

Fréttabréf



Kjarakönnun 2019

Vinnutímastytting

Blikksmiðir tveggja tíma

Opnunarhátíð Hús Fagfélaganna

VEIÐIKORTIÐ

Veiðikortið fyrir 2020 kemur í sölu í desember eins og undanfarin ár.

Kortið veitir nær ótakmarkaðan aðgang að 34 vatnasvæðum vítt og breitt um landið. Kortið kostar 7.900 krónur í almennri sölu en kr. 4.500 fyrir félagsmenn FIT. Hver félagsmaður getur keypt eitt veiðikort.

Glæsileg handbók fylgir hverju seldu korti þar sem má finna leiðbeiningar og reglur.

Kortið gildir fyrir einn fullorðin. Börn yngri en 14 ára veiða frítt í fylgd korthafa.

Kortið er ekki skráð á nafn þannig að auðvelt er að nota það í gjafir og er það tilvalin jólagjöf fyrir veiðihugafólk.

Kortið verður til sölu á orlofssíðu FIT og á skrifstofunni.



DAGBÆKUR FIT KOMA AÐ VANDA

Dagbækurnar eru ekki sendar heim til félagsmanna.

Hægt er að nálgast dagbók á skrifstofum félagsins á eftirfarandi stöðum:

Húsi Fagfélaganna Stórhöfða 31, Reykjavík,
Kirkjubraut 40, Akranesi,
Austurvegi 56, Árborg,
Strandvegi 54, Vestmannaeyjum og
Krossmóa 4, Reykjanesbæ.

Einnig er hægt senda tölvupóst á fit@fit.is eða hringa í síma 540 0100 og panta bók. Við munum síðan senda ykkur bókina hvert á land sem er.

Dagbókin er með ýmsan gagnlegan fróðleik. Það getur einnig verið mjög hentugt að skrá alla vinnutíma hjá sér í dagbókina og eru nokkur dæmi þess að slík skráning hafi verið forsenda fyrir innheimtumálum.

Við hvetjum félagsmenn sem hafa áhuga á að eignast bókina að hafa samband og við munum senda hana.

BRIGDE HELDUR ÁFRAM EFTIR ÁRAMÓT

Vorönnin í bridge-spilamennskunni hefst fimmtudaginn 9. janúar.

Áfram verður spilað bridge í Húsi Fagfélaganna annan hvern fimmtudag fram á vor.

Mótaröð vorannar 2020 verður sem hér segir:

- 9. janúar: Bykobíkarinn, tvímenningur
- 23. janúar: Bykobíkarinn, tvímenningur
- 6. febrúar: Byggiðnarbíkarinn, tvímenningur
- 20. febrúar: Byggiðnarbíkarinn, tvímenningur
- 5. mars: Húsasmiðjubíkarinn, sveitakeppni
- 19. mars: Húsasmiðjubíkarinn, sveitakeppni
- 3. apríl: Lokavöld, einmenningur

Spilamenskan hefst tímalega kl 19.

Allir félagsmenn velkomnir!

VIÐ ERUM Á FACEBOOK

Líkaðu við facebook síðu FIT

Við minnum á að allar fréttir af fit.is birtast jafnóðum á facebook-síðu félagsins.

Þar á meðal allar tilkynningar um laus orlofshús en laus hús eru auglýst með litlum fyrirvara ef einhver hefur hætt við bókun.

Þá er hægt að grípa hnossið og skella sér í bústað yfir helgi.

IDAN-FRÆÐSLUSETUR

Við hvetjum félagsmenn til að kynna sér hvað IDAN-fræðslusetur hefur upp á að bjóða.

Á hverri önn eru fjölbreytt námskeið haldin í IDUNNI, bæði sérhæfð fagnámskeið og námskeið almenns eðlis.

IDAN veitir náms- og starfsráðgjöf og umsýslu með námssamningum og sveinsprófum.

Verð á námskeið IDUNNAR eru tvenns konar. Félagsmenn sem greitt er af í endurmenntunarsjóð, af atvinnurekanda, greiða lægra gjald þar sem búið er að niðurgreiða þau námskeið fyrir félagsmenn.



Allar upplýsingar um námsframboð og fleira er að finna á heimasíðu IDUNNAR idan.is.

Iðnaðarlög

Það er gersamlega óþolandi að fylgjast með aðgerðarleysi stjórnvalda þegar kemur að iðnaðarlögum. Þar virðast þau bara vilja tala fjálglega um þessi mál á tyllidögum en þegar kemur að aðgerðum verður minna úr hlutum. Undanfarin ár hefur eftirlitshluti hins opinbera verið algjörlega óásættanlegur og höfum við gagnrýnt þetta aðgerðarleysi sem og úrræðaleysi stjórnvalda til að stöðva kolólöglega starfsemi ófaglærðra í löggiltum iðngreinum.

Til hvers erum við að hafa lög sem ekki er fylgt eftir? Hvar eru refsíákvæðin? Félag iðn- og tæknigreina hefur um árabíl verið leiðandi í baráttu gegn þessari vá og við höldum þeirri baráttu áfram svo lengi sem hún fær að viðgangast í íslensku þjóðfélagi. Þrátt fyrir að hafa tekið frumkvæðið að viðtæku samstarfi við Vinnumálastofnun, Ríkisskattstjóra og fleiri opinberar stofnanir, ásamt því að vera með öflugt vinnustaðaeftirlit, gengur hægt að uppræta þessa ógn. Er það aðallega vegna skilningsleysis opinberra aðila. Það er varla til hagsbóta fyrir neytendur!

Við köllum eftir því að stjórnvöld beiti sér af hörku gegn þessu vandamáli. Við höldum baráttunni áfram og segjum upphátt að við líðum ekki svona framferði. Stjórnvöld eru hvött til að gera eitthvað í málum í stað þess að tala bara um þau!

Vinnutímastytting

Stytting vinnutíma er stórt hagsmunamál fyrir félagsmenn FIT og er því ekki að undra að vinnutímastyttingin sé eitthvað sem félagið leggur mikla áherslu á þegar kemur að kjarabótum. Stytting vinnuvikunnar er veruleiki sem þegar er byrjaður að sjást í kjarasamningum. Æ fleiri félög setja þetta á oddinn hjá sér og hvetjum við félagsmenn til að kynna sér þetta mál vel, þar sem fjallað er um það hér í blaðinu. Hið sama gildir um launakönnunina. Hún er gríðarlega mikilvægt tæki í allri umræðu og segir okkur hvar við erum

stödd hverju sinni. Við hvetjum félagsmenn til að fara yfir könnunina og sjá sína stöðu á vinnumarkaði. Gagnsæi í upplýsingagjöf á borð við þetta hjálpar okkur í baráttunni fyrir réttum launum og því nauðsynlegt að hún endurspegli veruleikann.

Viðhorfskönnun

FIT gerði einnig nýverið viðhorfskönnun meðal félagsmanna sinna. Líklega er óhætt að fullyrða að niðurstöðurnar hafi verið einstaklega jákvæðar og sýni það vel að við erum á

Jafnrétti

Hún er afar ánægjuleg sú þróun að konum sé að fjölga jafn ört og raun ber vitni í iðngreinum. Sérstaklega hefur aukning verið undanfarið í bílgreinum, því hefðbundna karlavígi. Konur eru í auknum mæli að sækja í þessar greinar og láta gamaldags viðhorf sem vind um eyru þjóta. Í blaðinu sjáum við m.a. viðtal við Þórunni Önnu sem hefur alla ævi langað að verða bifvélavirki. „Það af hvaða kyni maður er, á ekki að stöðva mann í að gera það sem mann dreymir um“ segir Þórunn Anna og

**BARA Í
ORÐI EN
EKKI Á
BORDI?**



Hilmar Harðarson
formaður

réttri leið í hagsmunagæslu fyrir okkar félagsmenn, enda er félagið ekkert án félagsmannanna. Í könnunni, sem komin er á heimasíðu FIT, má meðal annars sjá að þegar spurt var hvernig félagsmönnum FIT þætti félagið standa sig kemur í ljós að ánægjan hefur aukist um 5% á milli ára og óánægja minnkað um 6%.

Þá var einnig spurt hversu vel félagar þekktu réttindi sín, þar var um 4% aukning á þeim sem þekktu réttindi sín vel og um 5% fækkun á þeim sem ekki þekktu réttindi sín vel. Það er alltaf ánægjulegt að sjá að við séum á réttri leið og við hvetjum félagsmenn í FIT til að taka þátt í viðhorfskönnununum, því fátt gefur okkur gleggri mynd af vegferð okkar en einmitt þær.

hittir þar naglann á höfuðið. Það er undir körlunum komið að taka vel á móti öllum þeim konum sem vilja læra þessar áður hefðbundnu karlagreinar og við hjá FIT treystum því að fordómar heyri sögunni til. Enda segir Þórunn Anna: „Flestum þykir þetta bara flott hjá mér og ég verð ekki vör við mikla fordóma nema frá fáeinum aðilum, þá helst einhverjum af eldri kynslóðinni hvort sem það séu konur eða karlar. Mér finnst fordómarnir aðallega vera gagnvart konum og ekki endilega konum í bifvélavirkjun t.d. þetta klassíska, að konur viti ekkert um bíla. Það er nefnilega líka til alveg fullt af strákum sem vita ekkert um bíla.“





Innra starfið

Undir lok nóvember opnaði Hús Fagfélaganna formlega á Stórhöfða 31, en þar er nýtt skrifstofuhúsnæði FIT, Rafiðnaðarsambandsins, Matvís, Samiðnar og Byggiðnaðar. Félögin eru með sameiginlega móttöku og bætir þetta margfalt þjónustu við félagsmenn, þar sem nú er sambærileg starfsemi félaganna hlið við hlið. Þetta skapar meiri nánd, meira samtal og betra upplýsingaflæði. Þá er hið

öfluga innra starf í gangi sem aldrei fyrr og má þar nefna heldrimannaferð félagsins. En sjaldan verður of sagt hversu mikilvægt það er að tryggja tengingu eldri félagsmanna okkar við FIT, sem og að geta leitað í reynslubrunn þeirra.

Samningamál

Það hefur mikið gengið á í kjaramálum félagsins. Þegar hefur verið gengið frá einhverjum samningum og má

þar nefna kjarasamning við Samband íslenskra sveitarfélaga en hann var samþykktur með ríflega 80% atkvæða. Fleiri samningar eru í vinnslu og félagsmenn FIT geta verið fullvissir um að félagið leggur mikla vinnu í þessi mál. Stór hópur fólks vinnur myrkanna á milli við að tryggja sem besta niðurstöðu í þessu mikilvæga máli sem kjarasamningar eru. FIT er á verði fyrir ykkur og vonandi náum við að tryggja þá niðurstöðu sem við óskum eftir.

Desemberuppbót 2019

Starfsmenn sem verið hafa samfelld í starfi hjá atvinnurekanda í 12 vikur á síðustu 12 mánuðum eða eru í starfi 1. desember eiga rétt á desemberuppbót. Starfsmenn í ákvæðisvinnu fá greidda desemberuppbót líkt og aðrir. Fullt starf telst vera 45 unnar vikur eða meira fyrir utan orlof. Reikniregla: Desemberuppbót deilt með 45 margfaldað með unnum vikum. Sá tími sem starfsmaður er í fæðingarorlofi telst sem starfstími við útreikning desemberuppbótar. Iðnnemar í fullu starfi hjá fyrirtæki fá fulla desemberuppbót, annars hlutfallslega eftir starfsframlagi á árinu

Uppbótin skal greiddast í **síðasta lagi 15. desember** miðað við starfshlutfall og starfstíma.

Desemberuppbótin á almennum markaði, að meðtöldu orlofi, er kr. 92.000

Í öðrum kjarasamningum er desemberuppbótin sem hér segir:

- Ríkissjóður kr. 92.000
- Reykjavíkurborg kr. 100.100
- Orkuveitan kr. 105.900
- Samband íslenskra sveitafélaga kr. 115.850
- Landsvirkjun kr. 132.071
- Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma kr. 92.000
- Strætó kr. 100.100


**Sendum félagsmönnum,
fjölskyldum þeirra og
landsmönnum öllum
hugheilar jóla- og
nýárskeðjur.**




Laun og launaþróun

Samantekt unnin fyrir FIT af hagdeild ASÍ, úr gögnum frá Hagstofu Íslands

Miðgildi launa á almennum og opinberum markaði 2018




Laun iðnaðarmanna árið 2018




Meðaltal heildarlauna 2018 eftir störfum

Mánaðarlaun í þús.




Meðaltal heildarlauna 2018 eftir störfum

Mánaðarlaun í þús.



Reglulegt tímakaup iðnaðarmanna e. störfum

Meðaltal ársins 2018 og framreiknað til ársins 2019 m.v. launavísitölu



Kjarakönnun 2019



Hér á eftir eru helstu niðurstöður könnunar sem FIT gerði meðal félagsmanna sinna. Könnunin var gerð í nóvember sl. Góð þátttaka var í kjarakönnuninni en 788 félagsmenn FIT tók þátt. Þetta er marktækur fjöldi og svona kannanir nýtast mjög vel í samninga-viðræðum, sérstaklega í viðræðum um laun.

Við viljum þakka félagsmönnum kærlega fyrir þátttökuna.


Könnuð var aldurssamsetning þátttakenda og er niðurstaða hennar eftirfarandi.

Á hvaða aldri ert þú?	Fjöldi	Prósent
Yngri en 25 ára	24	2,82%
26-34 ára	162	19,01%
35-44 ára	177	20,77%
45-54 ára	200	23,47%
55-64 ára	219	25,70%
65 eða eldri	70	8,22%

Á hvaða bili voru heildartekjur þínar fyrir síðasta mánuð fyrir skatta?




Innan hvaða starfsgreinar starfar þú?




■ Bílgreinar ■ Bygginga- og mannvirkjagreinar ■ Garðyrkja
 ■ Hönnun, listir, handverk ■ Málm-, véltækni- og framleiðslugreinar
 ■ Tækniteiknun ■ Upplýsinga- og fjölmiðlagreinar
 ■ Þjónustugreinar ■ Annað


Hver er dagvinnutaxti þinn? Meðaltal dagvinnutaxta fyrir bílgreinar



Hver er dagvinnutaxti þinn? Meðaltal dagvinnutaxta fyrir bygginga- og mannvirkjagreinar



Hver er dagvinnutaxti þinn? Meðaltal dagvinnutaxta fyrir málm-, véltækni- og framleiðslugreinar



FIT könnun 2019

Niðurstöður könnunar sem félagsmenn Félags iðn- og tækni-greina tóku þátt í nóvember sl. má sjá hér á þessari opnu. Niðurstöðurnar eru mjög áhugaverðar og er jákvæð og góð hvatning. Jafnframt er hún hvatning um að gera betur og þjónusta viðskiptavinum okkar enn betur en nú er gert. Framundan er mikil vinna við að kynna vinnutímastyttinguna sem m.a. var spurt um í þessari könnun.


Dregið var úr hópi félagsmanna FIT sem svöruðu könnuninni. Það voru fimm heppnir þátttakendur sem voru dregnir út og fá 20.000 kr. inneign í orlofshúsakerfinu.

FIT óskar vinningshöfum til hamingju og þakkar öðrum félagsmönnum sem tóku þátt í könnuninni kærlega fyrir að gefa sé tíma til að svara. Hvert og eitt svar skiptir miklu máli.


Vinningshafar í happadrætti FIT:

Sigurður G Sigurðarson,
Kristbjörn Svansson,
Hreggviður Ágúst,
Þórður Rúnar Þórmundsson
og Gunnar Eyjólfsson.


Hvernig finnst þér FIT standa sig í kjarabaráttu sinna félagsmanna?




Hvernig finnst þér FIT standa sig í samskiptum við félagsmenn?




Hversu vel þekkir þú réttindi þín hjá FIT?




Hvaðan færðu helstu upplýsingar um starfsemi og þjónustu FIT?




Býrðu í eigin húsnæði eða í leiguhúsnæði?




Hefurðu kynnt þér hvað felst í jafnlaunavottun fyrirtækja?




Hve langur hefur viðverutími þinn verið í starfi að meðaltali á dag sl. tvær vikur?




Af þessari viðveru hve lengi telur þú að fjarvera þín hafi verið vegna matartími á hverjum degi?




Hve langir eru kaffitímar hjá þér á hverjum degi?




Hefur vinnutíma verið breytt á þínum vinnustað?




Hvað vinnur þú að meðaltali margar yfirvinnu klukkustundir á viku?




Ertu ánægð/ur með þá ákvörðun að hafa stýtt vinnuvikuna með því að sleppa neysluhléum?



Hvernig myndir þú vilja útfæra vinnutímastýttinguna?



Á hvaða aldri ert þú?





Kjarasamningar og vinnutímastytting

Breytingar á ákvæði um vinnutíma

Eitt af stóru málunum í þeim kjarasamningum sem búið er að gera og í þeim sem eru í farvatninu er vinnutímastytting. Opnað er á þann möguleika að vinnuvikan verði 36 vinnustundir á viku en þá eru neysluhlé ekki meðtalin. Verði þetta raunin er vinnuvikan á Íslandi að verða sú stysta á Norðurlöndum. Mörg tækifæri til að auka sveigjanleika felast í þessari breytingu og bæta samspil atvinnuþátttöku og heimilislífs.

Kjarasamningarnir eru rammi utan um styttinguna en útfærslan er eftir og gert er ráð fyrir að hún fari fram í fyrirtækjunum og starfsmenn og atvinnurekendur komi sameiginlega að henni. Hægt er að skipta vinnutímastyttingunni í tvö þrep.

Þrep eitt:

Það er blæbrigða munur á útfærslunni en loka takmarkmið er að vinnuvikan verði 36 vinnustundir í lok samninganna. Samfara þessari breytingu verður tekin upp virkur vinnutími 37 klst. í stað 40 klst. vinnuviku. Virkur vinnutími er sá tími sem starfsmaður er að störfum án hléa en dagleg viðvera er vikur vinnutími að viðbættum hléum

Við þessa breytingu verður tekin upp ný deilitala 160 í stað 173,33 en deilitala er notuð til að finna út hver greiðsla er fyrir hverja dagvinnustund þ.e. deilitölunni er deilt í mánaðarlaunin (mánaðarlaun/deilitala=tímakaup í dagvinnu). Mikilvægt að hafa í huga að við það að taka upp virkan vinnutíma og breyta deilitölunni breytast mánaðarlaun fyrir dagvinnu ekki en tímaeiningin hækkar. Meginbreytingin er að kaffitímar eru ekki taldir með í vinnutíma eins og er í dag.

Það er þrennt sem gerist með þessari breytingu.

- Í fyrsta lagi teljast kaffitímar ekki lengur til vinnutíma
- Í öðru lagi styttest vinnutíminn um 5 mínútur á viku
- Í þriðja lagi hækkar tímakaup í dagvinnu um 8,33% en hefur engin áhrif á föst mánaðarlaun

Þrep tvö:

Náist samkomulag um niðurfellingu kaffitíma verður vinnuvikan 36 klst. án skerðingar á mánaðarlaunum en dagvinnutímakaup hækkar um 2,56%. (Deilitalan verður 156)

Hægt verður að útfæra styttingu virks vinnutíma með margvíslegum hætti

- Að hver vinnudagur verði stytstur
- Að umsaminn fjöldi vinnudaga stytstist
- Að einn dagur vikunnar stytstist t.d. föstudagar
- Að safna upp í frí heila og hálfa daga
- Að hafa blandaða leið

Gengið er út frá því að samið verði á hverjum vinnustað um útfærslur og geta þær verið miðlægar þ.e. að það sama gildi fyrir alla eða þær verið útfærðar á mismunandi hátt eftir óskum og þörfum hvers og eins. Gengið er út frá því að starfsmenn og fulltrúar fyrirtækisins geri með sér samkomulag en ef það gengur ekki eftir geta starfsmenn kallað til fulltrúa stéttarfélaganna að samningaviðræðunum.

Náist ekki samkomulag á vinnustaðnum um styttingu vinnuvikunnar er starfsmönnum og atvinnurekendur heimilt að skjóta þeim ágreiningi til samningsaðila, hlutaðeigandi stéttarféлага og Samtaka atvinnulífsins.

Verði ekki gert neitt samkomulag um styttingu vinnutímans geta starfsmenn ákveðið að kosið sé um upptöku staðlaðs fyrir-tækjapáttar. Í staðlaða fyrirtækjapáttinum er gert ráð fyrir 36 stunda og 15 mínútna virkum vinnutíma á viku og á dag 7 klst. og 15 mínútur í stað 7 klst. og 12 mínútna.

Það er því mikill ávinningur að ná samkomulagi um útfærsluna bæði fyrir starfsmenn og atvinnurekendur.

Í þeim opinberu samningum sem búið er að gera og samkomulag er að nást um hjá öðrum er gengið út frá 36 klst. vinnuviku og ef ekki næst samkomulag um útfærslu er öllum tryggt 13 mínútu stytting á dag.



Dæmi um útfærslu styttingar vinnutíma

I. Hefðbundin neysluhlé eru hluti af vinnutímanum og eru því ekki á forræði starfsmannsins. Skipulagið gerir ráð fyrir að samfella sé í vinnudeginum.

Dagleg stytting

- Hver vinnudagur stytstur í upphafi eða lok dags og hefðbundin neysluhlé eru hluti af vinnutímanum.

Dæmi: Vinnutími kl. 8 -15:12.

Vikuleg stytting

- Samfelld stytting tekin út á einum vinnudegi í viku og hefðbundin neysluhlé eru hluti af vinnutímanum.

Dæmi: Starfsmaður vinnur kl. 8-16 fjóra daga vikunnar en einn dag í viku er vinnutíminn kl. 8-12.

Hálfs mánaðarleg stytting

- Samfelld stytting tekin út sem frídagur hálfs-mánaðarlega og hefðbundin neysluhlé eru hluti af vinnudeginum.

Dæmi: Starfsmaður vinnur níu daga frá kl. 8-16 en er í fríi tíunda vinnudaginn.

II. Stytting vinnutíma um 13 mínútur á dag eða 65 mínútur á viku. Neysluhlé teljast ekki til vinnutíma þar sem þau eru á forræði starfsmanns til ráðstöfunar að vild.

Dagleg stytting

- Hver vinnudagur stytstur í upphafi eða lok dags og hefðbundin neysluhlé s.s. 35 mín í matartíma er ekki hluti af vinnudeginum.

Dæmi: Vinnutími kl. 8:00-15:47.

Vikuleg stytting

- Samfelld stytting tekin út á einum vinnudegi í viku og hefðbundin neysluhlé s.s. 35 mín í matartíma er ekki hluti af vinnudeginum.

Dæmi: Starfsmaður byrjar kl. 8-16 fjóra daga vikunnar en einn dag í viku er vinnutíminn kl. 8:00-14:55.

Hálfs mánaðarleg stytting

- Samfelld stytting tekin út sem frídagur hálfs-mánaðarlega og hefðbundin neysluhlé s.s. 35 mín í matartíma er ekki hluti af vinnudeginum.

Dæmi: Starfsmaður vinnur níu daga frá kl. 8-16 en tíunda daginn frá kl. 8-13:50.



Guðrún Hafsteinsdóttir formaður Samtaka iðnaðarins ávarpaði gesti hátíðarinnar og óskar nýsveinum til hamingju með áfangann.



Skrúðgarðyrkja



Píparar



Vélvirkjun



Netagerð

Útskrift vor 2019



Telma Rut Hafþórsdóttir, hæðst á sveinsprófi með Hilmar Harðarsyni formanni FIT

Afhending sveinsbréfa fór fram á glæsilegri nýsveinahátíð á Hótel Nordica þann 21. mars.

IDAN - fræðslusetur átti veg og vanda að hátíðinni sem var hin glæsilegasta með tónlist og veitingum.

Á þessari nýsveinahátíð voru afhent sveinbréf í eftirtöldum greinum félagsins:

- 14 í bifvélavirkjun
- 6 í húsasmiði
- 9 í pípulögnum
- 9 í skruðgarðyrkju
- 4 í vélvirkjun

Við óskum nýsveinum til hamingju með áfangann.

Fleiri myndir má skoða á myndasafni fit.is og á facebooksíðu FIT.



Húsasmiðir



Rennismiðir



Bifvélavirkjun



Blikksmíði sem fag kemur upphaflega frá Skotlandi til Íslands á nítjándu öld. Þá til að mæta þörfum ferðaiðnaðar þess tíma. Breskir laxveiðimenn vildu gjarnan geta farið með niðursoðinn lax heim.

Andrés Fjeldsted fór til Skotlands að læra skipasmíði og blikksmíði og jafnframt lærði hann niðursuðu til að geta til að geta framleitt niðursuðudósir og allt sem til þurfti. Þetta vatt upp á sig, því þörfin fyrir blikksmíði var meiri en menn áttu von á. Andrés stofnaði fyrstu blikksmiðjuna á Íslandi árið 1862.

Hafliði Guðmundsson lærði blikksmíði hjá Andrésí og stofnaði síðan blikksmíðju og niðursuðuverksmíðju á Siglufirði árið 1877.

Pétur Jónsson lærði blikksmíði hjá Hafliða á Siglufirði og stofnaði síðar fyrstu blikksmíðavinnustofuna í Reykjavík 1883. Hún varð seinna J.B. Pétursson.

Það var svo 25. maí 1935 sem Félag blikksmiða í Reykjavík var stofnað.



Blikksmiðir tveggja tíma

„Líkamlegu átökin við vinnuna eru horfin“

Þeir Ingiberg Guðbjartsson og Arnór Ágústsson eru menn tveggja tíma, blikksmiðir tveggja tíma getum við sagt. Ingiberg fékk sín fyrstu kynni af blikksmiði sumarið 1954, þá 15 ára, Arnór Ágústsson hóf hins vegar nám í Blikksmiðnum haustið 2004 og hefur unnið þar síðan.

„Ég kynntist þessu fagi í Blikksmiðju J.B. Péturssonar sumarið 1954, mitt fyrsta sumar við vinnu í Reykjavík en þá bara í sumarvinnu,“ segir Ingiberg. „Ég ákvað að ganga í fyrirtæki og athuga með vinnu, eftir stopula tíð við höfnina og ýmis tilfallandi verk. Einhversstaðar hlyti að vanta starfskraft. Þegar ég gekk niður Ægisgötuna minntist ég þess að fimm árum áður hafði ég litið inn í Blikksmiðju J.B.P. og umsvifalaust rekinn út aftur, því staðurinn væri of hættulegur fyrir börn. Ég fór þar inn með hálfum hug án þess að vita að einmitt þann sama dag höfðu þeir auglýst eftir starfsmönnum. Þá var tekið betur á móti mér og ég ráðinn upp á unglingakaup. Launin voru greidd vikulega og við fyrstu útborgun sá ég að það var alltof mikið í umslaginu. Ég fór til eigandans með umslagið og sagði að ég hefði fengið of mikið útborgað. Hann sagði að þetta væri rétt útborgað, ef unglingar stæðu sig vel fengu þeir fullt kaup. Slík voru fyrstu kynni mín af Kristni Péturssyni. Hann átti eftir að vera húsbóndi minn næsta áratuginn.“

Sumarið eftir, þegar ég hafði lokið landsprófi, var mér svo boðin vinna aftur og síðan námssamningur, sem ég þáði. Meistarinn minn var Kristinn Pétursson, sonur Péturs Jónssonar, sem var fyrsti blikksmiðurinn í Reykjavík, þannig að ég tilheyri þriðju kynslóð blikksmiða í Reykjavík.“

J.B.P. hafði enn á þeim tíma öll verkfæri til að smíða dósir fyrir niðursuðu. Þótt heimaniðursuða á haustin væri liðin tíð smíðaði Kristinn Pétursson dósir fyrir aldraða viðskiptavinum á hverju ári og hélt áfram að þjónusta þau heimili sem stunduðu að sjóða niður matvæli, þegar Ingiberg byrjaði að starfa þar. Þetta var arfleifð frá tímum Péturs Jónssonar, en hafði dregist ansi mikið saman vegna breytinga í samfélaginu. „Þetta var gert einu sinni á ári fyrir þá kúnna sem fylgt höfðu fyrirtækinu í áratugi, en minnkaði stöðugt og áreiðanlega ekki rukkað mikið fyrir



Ingiberg Guðbjartsson,
blikksmiður

dósirnar. Þær voru handsmiðaðar hjá okkur og svo þurfti að loka þeim þegar þær höfðu verið fylltar af soðnum mat. Þá fór Sigurþór Þórðarson heim í eldhús til kvennanna til að lóða dósirnar aftur með tini. Sýrur voru ekki notaðar heldur harpíx. Ég náði í endann á þessu, en fór aldrei inn í eldhús, var of ungur. Þetta var eins og hver önnur hefð hjá fyrirtækinu, að þjóna þessu fólki meðan það entist.“

Mjög fjölbreytt starfsemi

Þegar Ingiberg er spurður um helstu verkefni blikksmiða á þessum tíma segir hann að fyrstu verkefni hans hafi verið að smíða rennur og niðurföll fyrir íbúðahús og setja þær upp. „Þetta var smíðað í meterslóngum bútum og svo lóðað saman á staðnum. Verkfærin voru handverkfæri. Skipulagið var þægilegt hjá okkur að því leyti að við vorum með aðskilda beygjuvél og völsun, þannig var það ekki í öllum smiðjum. Í sumum smiðjunum var völsun, beygjuvél og úlster sambyggt í einu tæki.“

–*Og úlster er hvað?*

„Úlster var m.a. notuð til að gera rennukanta. Sem sagt, þetta voru mestan part handverkfæri sem miðuð voru við smásmíði, litla hluti. Á þessum tíma var þjónustunni við útgerðina að ljúka. Smiðjan hafði smíðað alls kyns ljós og luktir fyrir skipin, en þarna var farið að flytja slíka hluti inn.“

Annars var starfsemi J.B.P. mjög fjölbreytt. Kjarninn var að sjálfsgöðu blikksmiði ásamt stáltunnugerð sem síðar varð sérstök verksmiðja sem framleiddi ýmsar vörur fyrir byggingaiðnaðinn og verslun með járnvörur auk þess að flytja inn.

„Tunnuverksmiðjan var um það bil að leggjast niður þegar ég byrjaði hjá J.B. Péturssyni,“ segir Ingiberg. „Ég tók þátt í að smíða nokkur þúsund tunnur, enda voru græjurnar ekki settar í gang nema fyrir lágmark þúsund tunnur.“

Blikksmiðir smíðuðu annars flest það sem þurfti úr blikki til húsbygginga, allt frá þakgluggum til sökkulklaðninga, allar lagnir til útloftunar, þakrennur og niðurföll af þökum. Fullkomin loftræstikerfi

voru að ryðja sér til rúms og stokkalásavélar voru almennar hér. Þar nutu menn verkmenntunar frá ameríska hernum.

Mikið var smíðað fyrir skip og báta og útgerðina, einnig bensín- og olíutanka fyrir litla og stóra bíla, jafnvel vatnstanka á slökkviliðsbíla. Endanlegur listi yfir framleiðsluna yrði langur, því sáralítið var flutt inn á þessum árum.

„Viðskiptavinurinn kom með teikningu af því sem hann vildi fá, oftast útlínur með nokkrum málum. Í samráði við kúnnann var síðan valið efni, endanleg útfærsla gerð og síðan samsetning hlutarins og öll gerð hans.“

Stærsti stóllinn og stærsta trektin

Gott dæmi um eftirminnileg verkefni er smíði stærsta stóls í heimi fyrir sýninguna Heimilið 1977. Vinnufélagar mínir Guðjón Brynjólfsson og Vilhelm Guðmundsson urðu að útfæra og gera smíðateikningar og smíða síðan stóllinn rúmlega sjö metra háan úr 65 sm. rörum sem samtals vógu ellefu tonn.

Annað verkefni, aðeins minna í sniðum, var smíði á módeli fyrir stærstu olíutrekt í heimi. Þá var mér rétt gömul auglýsing frá olíufélagi og sagt að smíða trekt eftir myndinni. Þegar ég hafði gert það var farið með trektina í Stálsmiðjuna, sem smíðaði eftir henni stærstu trekt í heimi. Hugmyndin og myndavalið var listamannsins. Þannig eru mörg listaverk, góð hugmynd, en oft þarf iðnaðarmenn til að ljúka verkinu.“

–*Hvernig var hollustu- og öryggismálum háttað þegar þú byrjaðir?*

„Það hefur ansi margt breyst í því og allt til batnaðar sýnist mér. Öryggisskór þekktust til dæmis ekki; ég sá einu sinni mann á léttum leðurskóm missa tær þegar járnklumpur datt af borði. Öryggisskór hefðu komið í veg fyrir svo alvarlegt slys. Loftræsting var víða léleg og ég vissi dæmi um sinkeitrun við suðu á sinkhúðuðu efni. Margir misstu heyrn varanlega þar sem heyrnarhlífir þekktust ekki og sumir töldu varasamt að troða bómull í eyrun, gerði jafnvel illt verra. Stundum lá móða yfir vinnusólunum vegna mengunar frá suðutækj-

um og lóðboltum. Lyftarar voru sjaldséðir á þessum árum og oftast var handaflíð það eina sem stóð til boða.

Þarna var hönnun líka vanmetin. Flestar teikningar voru skissur með helstu málum og útfærslan í höndum iðnaðarmannanna. Við smíðuðum skápa fyrir rafbúnað í margar síldarbræðslur á Austurlandi og með einni pöntuninni fylgdu sænskar smíðateikningar með öllum skurðarmálum, hvar skyldi boruð göt, ásamt merkingum fyrir beygjur og samsetningu. Tímasparnaður var gífurlegur og efnisnýting mun betri.

–Þannig að þið hafið þjónað sjávarútveginum. En hvað um frystihúsin?

„Við unnum ekki mikið fyrir þau fyrr en farið var að endurnýja húsin vegna krafna um hreinlæti og hollustuhætti. Partur af þeirri endurnýjun var að setja upp loftræstikerfi og við smíðuðum mikið af þeim. Fórum um allt land til að setja þau upp.“

Flautandi katlar og reykháfar

–Hvaða framleiðsla í blikksmiðjum varð helst fyrir barðinu á innflutningi?

„Það er erfitt að átta sig á því, en líklega voru það aðallega ýmsir smáhlutir. Í blikksmiðjunni Gretti á Grettisgötunni höfðu lengi verið framleiddir katlar sem flautuðu þegar vatnið í þeim sauð. Þannig katlar voru í öðru hverju eldhúsi og sveitabæ um allt land, mjög vinsælir. Svo var farið að flytja svona katla inn og þá fjaraði fljótlega undan þessari framleiðslu. Blikksmiðjurnar voru svolítið sérhæfðar hver á sínu sviði. Upp úr 1960 var sérhæfingin orðin það mikil að sumir vildu skipta blikksmiðinni upp í tvö fög: loftræstingar og uppsetningu þeirra sem sérstakt fag en almenna blikksmiði sem annað fag. Það væri í sjálfu sér ekki óeðlilegt, í Danmörku er búið að skipta þessu fagi í a.m.k. þrjá hluta. Þessi hugmynd fékk ekki hljómgrunn hér. Meðal annars vegna þess að á þessum tíma komu til sveinsprófs þættir sem þeir nemar sem aðallega höfðu verið í loftræstikerfum höfðu aldrei smíðað. Oft t.d. reykháfa á báta, sem gátu verið alla vega.

Til sveinsprófs máttu nemendur koma með eigin teikningar af hlutum sem prófnefndin taldi gildar og uppfylltu þær kröfur sem gerðar voru til sveinsprófa. Sem dæmi get ég sagt frá því, að þegar leið að sveinsprófi hjá mér teiknaði ég garðkönnu með öllu sem henni fylgdi og ætlaði að smíða hana. Þá kom til mín vinnufélagi minn sem átti að fara í sveinspróf á undan mér og vissi ekkert hvað hann ætti að smíða, svo ég lét hann fá teikninguna mína. Þegar kom að mínu prófi gat ég auðvitað ekki smíðað sömu könnuna og varð að draga mér verkefni. Dró reykháf.“

–Voru nemendur þá ekki tilbúnir í prófið eftir fjögurra ára námstíma?

„Þetta var yfirleitt þannig að það var mjög einhæft sem nemendur fengust við megnið af námstímanum. Það var ekki fyrr en á síðasta árinu sem þeir fengu að smíða eitthvað annað en það sem atvinnulífið krafðist. Ég tók eftir þessu á sínum tíma og þetta er svona enn í dag. Það eru ákveðnir menn sem smíða vandasamari hluti. Hinir fá ekki tækifæri til þess, fá ekki að spreya sig.“

Arnór: „Það er þannig að verkstjórnir velja bestu mennina í hvert verkefni. Ég er til dæmis ekki að smíða það sama og Ingiberg, þótt ég sé búinn að vera þetta lengi í faginu, ég hef hreinlega ekki kunnáttu í það. Menn tala um að gömlu mennirnir þekki handbragðið og ýmslegt sem þeir ungu þekki ekki.“

Tækin hafa batnað

–Eru einhver af gömlu tækjunum sem þú notaðir þegar þú byrjaðir í faginu, Ingiberg, orðin úrelt. Einhver sem Arnór t.d. gæti ekki unnið með?

Ingiberg: Erfitt er að fullyrða að tæki séu úrelt, það hafa bara komið önnur betri á markaðinn. Það er ein vél niðurfrá sem notuð er töluvert mikið enn í dag. Þetta er amerísk vél og var notuð til að búa til lása á loftstokka. Það má segja að ein vél sé úrelt. Sú var notuð til að búa til lása á mjó rör. Í dag er lásinn einfaldlega settur á rörið áður en það er valsað, miklu öruggara.

Svo má ekki gleyma að ungu mennirnir geta smíðað sömu hlutina og þeir eldri, en gera það öðruvísi. Þegar maður til dæmis smíðaði hríng í plötu mældi maður þetta upp og teiknaði og setti í hringskera og svo kom gatið og maður var voða flinkur. Þeir ungu teikna tölvumynd af þessu sama, setja plötu í skurðarvél og svo kemur stykkið tilbúið út.“

Arnór: „Þarna kemur munurinn á handbragðinu. Við ungu mennirnir kunnum á tölvur. Ég hef horft á Inga gera þetta; hann veit hvar punktarnir eru og svo klippir hann og allt smellur saman. Þetta er reynsla og þekking sem hann hefur aflað sér. En þegar kemur að því að smíða rennur, niðurföll og niðurfallsbeygjur, eru ekki margir af okkur ungu mönnum sem geta það án þess að þurfa að teikna það allt frá grunni.“

Ingiberg: „Þetta er eins og að læra á hljóðfæri: þú þarft ekkert að sjá hvar nótan er, þú bara veist það.“

–Þegar þú komst inn í fagið ungar maður, Arnór, fékkstu þá í hendur svona tæki eins og þau sem Ingiberg var að vinna með þegar hann byrjaði? Kanntu eitthvað á þessi gömlu verkfæri?

Arnór: Já og nei. Ég kem inn í smíðjuna áður en hún fer að nú-tímavæðast. Hún var orðin svolítið á eftir í tækjavæðingunni þannig að ég náði í skottið á gamla tímanum. Beygjuvélin stóra, þar sem beygt var með handaflinu og Ingiberg nefndi áðan var til en ekki notuð. Þannig að ég notaði ekki mikið þessi gömlu tæki en skil hugmyndina á bak við þau.

Ingiberg: Gömlu vélarnar í Blikksmiðnum voru bara seldar og keypt ný og betri tæki. Þessar vélar eru í grunninn mjög einfaldar og unga fólkið gæti unnið á þær allar. Mín kynslóð þurfti að horfa á þær notaðar einu sinni og þá kunnum við á þær. Ég held að unga fólkið í dag þurfi ekki heldur að horfa tvisvar.





Arnór Ágústsson, blikksmiður.

Við tölum í hundruðum, aðrir í milljónum

-Er þá blikksmiðin orðin tölvuvædd að einhverju ráði?

Ingiberg: „Já, mjög tölvuvædd. Þetta var mjög líkamlega erfið vinna, en er miklu léttari í dag. Ég er ekki viss um að ég gæti unnið við hana í dag, kominn á minn aldur, ef sú breyting hefði ekki orðið.“

Arnór: Tækin hafa breyst. Handknúin tæki eins og hnífar, sem voru býsna þungir að vinna á, eru orðnir sjálfvirkir í dag.

Breytingin á tækjunum frá því í gamla daga er mest sú að áður fyrr þurftirðu að hafa meiri líkamlegan styrk, beita meira líkamlegu aflvið vinnuna. Beygjuvélina núna er þannig að þú stimplar inn tölu og hún beygir; áður þurftirðu að taka meira á. Þetta er kannski mesti munurinn, það er alltaf verið að framleiða tæki til að létta starfsmanninum vinnuna.

Við fórum á tækjasýningu í Þýskalandi í fyrrahaust. Þegar menn eru að tala um verð og framleiðslugetu á svona sýningum þá er verið að ræða um framleiðslutölur upp á milljónir stykkja. Við hér tölum um hundruð stykkja. Við erum ekki að tala um fullkomnustu vélarnar á markaðnum eða þær stærstu því markaðurinn hjá okkur er svo lítill. – Framfarir og tækni eru kannski ekki að útrýma manninum en hún er að taka yfir, gera lífið auðveldara.

-Hvað um tækni eins og leisitækni, er hún komin í blikksmiðina?

Arnór: „Ekki í smiðjuna til okkar, en komin í fagið. Líka plasmataekni, sem sker allt út. Og vatnsskurður. Einhverjar smiðjur eru með svona vélar. En við notum plasmataekni við tölvustýrðan útskurð. Það er einmitt gott dæmi um það, hvernig verkefni eru leyst á nýjan hátt.“

Ingiberg: „Talandi um þróunina, þróun verkfæra og breytt efni, þá er eitt sem hefur breyst mikið, það er hver á verkfærin. Þegar ég byrjaði að vinna í blikkinu voru eingöngu sameiginleg verkfæri, smiðjan átti þau. Íðulega kom fyrir að maður þurfti að bíða eftir verkfæri sem einhver annar var að nota. Ég spurði einhvern tíma verkstjóran hjá okkur hvort það væri ekki ansi mikið að þurfa að bíða kannski fimm mínútur af hverjum klukkutíma eftir verkfærum, eða jafnvel leita

að þeim. Nei, honum fannst það ekki mikið mál. Ég benti honum á að þetta væri einn tólfti af klukkutímanum og yfir árið værum við heilan mánuð að leita að verkfærum í stað þess að vinna að framleiðslu. Það liðu ekki margir dagar þar til komnir voru verkfæraskápar fyrir alla starfsmennina, með öllum handverkfærum sem þörf var á fyrir hvern og einn. Í dag eiga allir blikksmiðir sín handverkfæri og fá greitt fyrir notkun þeirra. Þetta er gott dæmi um það hvernig hlutirnir þróast.

Verkfærin skapa vinnu

Verkfærin skapa vinnu. Smiðjurnar voru mjög hræddar við að kaupa svokallaðar beygjupressur. Þær gátu tekið þriggja metra langt stykki og mótað það eftir þörfum. Einn blikksmiðjueigandi spurði mig, þegar ég var að vinna vesturfrá, hvort það borgaði sig að kaupa svona tæki; það kostaði álíka mikið og ein íbúð. Ég svaraði honum að verkin kæmu til okkar eftir að við fengum þessa vél. Það var þörf fyrir hana. Eigandinn hafði verið á sýningu í Þýskalandi og sá þá þessa vél. Hann seldi lóð sem hann átti við Vesturgötuna og keypti vélina.“

-Eru einhverjar breytingar á efnisvali samhliða tækniframförum, hefur hráefnið, málmurinn, breyst?

Ingiberg: Ein breytingin er sú að flest af því efni sem við notum kemur nú í rúllum. Breiddin er einn og hálfur metri, en þykktin misjöfn. Svo er efninu raðað eftir þykkt. Menn velja sér það efni sem þeir nota, stilla á þá stærð sem þeir vilja láta klippa og vélin klippir það fyrir þá. Ef ég vil búa til stökk þá stimpla ég inn hvað ég vil hafa hliðarnar stórar og vélin beygir samkvæmt því og ég fæ stökkinn í hendurnar. Að visu er lítilsháttar frágangur eftir, en þetta sýnir hve starfið hefur breyst.

Arnór: Ég náði þeim tíma þegar maður tók plötu, klippti hana í mál og beygði hana upp, jafnvel beygði í hana styrktarbot áður en maður gat velt henni í stökk og læst henni.

Samtalið berst að vinnutímanum og breytingum sem hafa átt sér stað.

Ingiberg: „Sum fyrirtæki greiddu laun í veikindum starfsmanna mun lengur en samningar sögðu til um. Ég veiktist einu sinni frekar illa og var á spítala í rúma tvo mánuði, en átti ekki rétt á launum nema í mjög stuttan tíma. Kristinn Pétursson lét senda mér full laun upp á spítala allan tímann.“

Eitt sem mér dettur í hug í sambandi við þessar samningaviðræður sem nú eru í gangi hjá verkalýðsfélögunum. Þar er einn þátturinn vinnutímabreytingar; það er talað um að fella niður kaffitíma og stytta matartíma. Ég vann í verkamannavinnu áður en ég byrjaði í smiðjunni. Þá byrjaði maður klukkan átta, tuttugu mínútna kaffitími um morguninn og klukkutími í matarhlé í hádegina, tuttugu mínútna kaffitími eftir hádegð og hætt klukkan fimm. Þá var unnið á laugardögum. Þegar ég kom í smiðjuna var búið að breyta ýmsu þar og einnig í ýmsum öðrum fyrirtækjum. Við byrjuðum hálfátta og unnum þar með af okkur hálfan laugardaginn, svo var tekið kortér í kaffi í stað tuttugu mínútna og hálf tími í mat; loks kortér í síðdegiskaffi. Eftir að dagvinnu lauk hafði verið tekinn kaffitími áður en eftirvinnan byrjaði, en honum var nú sleppt. Þessar styttingar gerðu klukkutíma sem við hættum fyrr á daginn. Það hefði engum dottið í hug að hætta að fara í kaffi. Það er margbúið að sanna að slíkar breytingar draga úr afköstum á vinnutímanum. Þá er stutt í kulnun í starfi, sem er vinnuleiði. Þessi þróun er ekki góð.“

-Vorud þið að smíða eitthvað í aukavinnu til að hafa á lager?

Ingiberg: „Jú, við framleiddum mikið af rafmagnstöflukössum og allskonar greinakössum fyrir rafvirkja; við vorum nokkrir sem fengum að smíða þetta í aukavinnu. Þetta gátu verið þrír-fjórir mánuðir sem við unnum mjög mikið við að framleiða þessar vörur. Það fór nú reyndar þannig að smíðjan var sífellt að bæta aðstöðuna, smíða tæki og mót sem gerði það að verkum að við urðum sífellt fljótari að smíða og framleiddum þar af leiðandi sífellt meira. Laun okkar fyrir hvern kassa voru hins vegar aldrei hækkuð og verðbólgan át alltaf upp ávinninginn. En svo þegar farið var að flytja svona kassa inn þá voru þeir innfluttu ekki samkeppnishæfir við okkar í verði.

Endurgerð gamalla húsa

–Svo voru það þakklæðningar, þær voru mikil sérhæfing hjá nokkrum fyrirtækjum, er það ekki? Þú komst að klæðningu á þaki gamla lðn-skólans við Tjörnina ef ég man rétt. Gott ef ekki í tvígang?

Ingiberg: „Ég hafði unnið við eirklæðningu turnsins á sínum tíma, þegar hann var endurbyggður. Seinna, þegar endurbyggja þurfti turninn eftir bruna í júní 1986, vildi borgin fá alla þá sem unnið höfðu við endurgerð turnsins nokkrum árum fyrr til að endurgera hann í sömu mynd. Ég hafði þá skipt um starfsvettvang en fékk leyfi til verksins hjá vinnuveitanda mínum, þótt reglan væri sú að starfsmenn hans máttu ekki vinna fyrir aðra. Þetta var sérstök undantekning.

Þegar læstar málmlæðningar voru enn við lýði notaði ég þær stundum. Það var bara einn galli, léleg hönnun. Svona klæðning var sett beint ofan á þakið þannig að ekkert loftaði undir. Svo fúnaði allt undir henni. Ég man þegar ég var að skipta um eirklæðningu á Fossvogskapellu, þá voru þök hinna ýmsu húsa að verða ónýtt vegna þess að plöturnar höfðu verið lagðar beint á pappa sem var alltof þykkur; það vantaði loftun allsstaðar.

Leifur Blumenstein byggingafræðingur hjá Reykjavíkurborg sá um endurbyggingar á gömlum húsum. Hann velti þeim mikið fyrir sér og skoðaði gömul hús; vildi sjá hvað skemmdist og hvers vegna. Í flestum tilfellum vantaði útblástur, það komst alltaf raki inn. Þetta gerist enn í dag. Leifur bannaði þéttan tjörupappa, vildi aðeins nota vindpappa á allar standandi klæðningar. Svo vildi hann nota örþunnar tektur til að fá öndun. Sú aðferð var notuð þegar hann sá um viðgerð á þaki lðnaðarmannahússins við Lækjargötu.“

–Þegar þú lítur til baka, Ingiberg, finnst þér þú hafa upplifað mikla þróun, tæknilega og faglega?

Ingiberg: Já, allir hlutir hafa þróast. Maður getur svo sem fundið að öllu; ég sakna þess stundum að hafa ekki smáverkfæri til að grípa til ef það er eitthvað lítilræði sem þarf að gera.



–Í bók Gunnars M. Magnúss um blikksmiði eru myndir af alls konar verkfærum, svo sem hömrum ýmskonar. Eru svona verkfæri notuð enn í dag?

Arnór: Nei, sáralítið.

–En þú hefur notað þetta þegar þú byrjaðir, Ingiberg.

Ingiberg: Já, sumt notaði ég þá, en ekki í dag. En það eru til blikksmiðir sem sérhæfa sig í ýmsum verkefnum og sumir þeirra eru hreinir listamenn með hamrana.

–Er það svo að sá sem byrjar í faginu í dag geti algerlega notað þessi gömlu verkfæri vegna þess að það liggja nánast í augum uppi til hvers á að nota þau?

Arnór: Ég er ekki viss um að sá sem kemur inn í blikksmiðju blautur á bak við eyrun geti notað öll þessi gömlu góðu verkfæri. Allir þurfa tilsögn. Ekki síst vegna þess að allsstaðar, í skólakerfinu öllu, er verið að kenna á tölvur. Menn læra að nota tölvur, ekki hendurnar.

–Blikksmiði er þriggja ára nám; hvar fer verklega kennslan fram?

Arnór: Í Borgarholtsskóla í Reykjavík og eitthvað á Akureyri líka.

–Hvað eruð þið að smíða í verklega náminu; eitthvað upp á gamla móðinn eða eingöngu á nýjan máta?

Arnór: Langmest upp á nýja móðinn. Hjá mér eru það langmest verkefni sem tengjast loftræstikerfum og þakklæðningum.

–Er líf eftir blikksmiði, Ingiberg?

„Veit það ekki, er enn að vinna. Ég byrjaði að vinna hjá Blikksmiðnum, Malarhöfða 8, um síðustu aldamót. Þar kynntist ég algerlega nýjum tímum í faginu. Mestu líkamlegu átökin við vinnuna voru horfin, allar stærri vélar orðnar tölvustýrðar og unnu erfiðustu störfin sjálfvirk eftir að búið var að forrita þær. Það var gert á mjög aðgengilega hátt. Verkefnið höfðu breyst að stórum hluta, en ég sá að ungu mennirnir gátu gert allt sem gert var áður, en gera það oft á annan og betri hátt.

Ég sé að nafnið á félaginu okkar, Félag lðn- og tæknigreina, er réttnefni.





Þorbjörn Guðmundsson og Elmar Hallgríms Hallgrímsson framkvæmdastjóri Samiðnar.

Nýr framkvæmdastjóri Samiðnar

Samiðn - samband iðnfélaga, er landssamband stéttarféлага sem varð til við samruna Málm- og skipasmiðasambandi Íslands og Sambands byggingamanna. Í dag eru tólf aðildarfélög iðnaðarmanna í sambandinu. Þorbjörn Guðmundsson hefur starfað í tæpa þrjá áratugi sem framkvæmdastjóri Samiðnar, frá stofnun árið 1993.

”

Ég hef miklar væntingar til starfsins og hlakka til komandi missera. Ljóst er að Samiðn hefur mikilvægu hlutverki að gegna og tel ég mikilvægt að samstarf okkar sem sinnum hagsmunum iðnaðarmanna aukist enn frekar.

Það telst því til stórtíðinda að Þorbjörn lætur af störfum sem fyrsti og eini framkvæmdastjóri Samiðnar og sest í helgan stein.

Elmar Hallgríms Hallgrímsson var ráðinn sem eftirmaður Þorbjarnar í starf framkvæmdastjóra Samiðnar. Elmar er lögfræðingur með embættispróf frá Háskóla Íslands og einnig prófgráðu frá University of Pennsylvania í Bandaríkjunum.

„Hvergi betra að vera en í Breiðholti“

Nýráðinn framkvæmdastjóri Samiðnar var tekinn tali og lagðar fyrir hann nokkrar spurningar til að forvitnast um hans bakgrunn og hagi.

Fyrsta spurning til nýráðins framkvæmdastjóra Samiðnar hlýtur að vera, hvar rætur hans liggja:

Mínar rætur liggja í Breiðholti þar sem ég ólst upp. Það var skemmtilegur tími, mikill uppgangur í hverfinu og gaman að vera þar. Ég flutti einmitt aftur í Breiðholtið fyrir nokkrum árum og finnst hvergi betra að vera en þar.

Segðu okkur örlítið frá þínum bakgrunni, uppvexti og skólagöngu?

Ég er giftur Svandísi Ríkarðsdóttur, sem starfar hjá Brú lífeyrissjóði og við eigum þrjú börn. Elstur er Júlían Ríkarður, svo kemur Ísabella Sif og þá Alexandra Helga. Ég er að upplagi lögfræðingur frá Háskóla Íslands en hef einnig lokið við meistaraþrófi í fjármálum og siðfræði. Þá bjuggum við um árabíl í Philadelphiu í Bandaríkjunum sem var mikil reynsla og skemmtilegur tími. Nú stunda ég einmitt nám við trésmíði við FB en þaðan lauk ég stúdentsþrófi fyrir rúmum 20 árum síðan.

Hver voru fyrstu störfin þín á vinnumarkaðinum?

Ég byrjaði ungur að starfa við bensínafgreiðslu hjá N1 (þá Esso) og lærði þar margt. Þar starfaði ég samhliða námi í nokkur ár. Var þetta afskaplega skemmtilegt starf, bæði samstarfsfélagarnir á bensínstöðinni í Skógarseli og ekki síður viðskiptavinirnir. Ég fæ mikið út úr því að eiga samskipti við fólk og þjónustustörf eiga vel við mig.

Við hvað hefur þú starfaða síðustu ár?

Síðustu ár hef ég m.a. starfað hjá 365, fyrst sem fjármálastjóri og síðar sem framkvæmdastjóri yfir sölu- og markaðsmálum. Þá hef ég undanafarin ár sinnt kennslu á háskólastigi, m.a. við lagadeild HÍ og MBA nám skólans. Það finnst mér afskaplega gefandi og skemmtilegt hlutverk.

„Auðmjúkur fyrir þessu vandasama verkefni“

Hvaða væntingar hefur þú til starfsins, sem framkvæmdastjóri Samiðnar?

Ég hef miklar væntingar til starfsins og hlakka til komandi missera. Ljóst er að Samiðn hefur mikilvægu hlutverki að gegna og tel ég mikilvægt að samstarf okkar sem sinnum hagsmunum iðnaðarmanna aukist enn frekar og ætla ég leggja mitt á vogarskálarnar þar. Rödd okkar verður mun sterkari fyrir vikið og árangurinn meiri.

Eitthvað að lokum?

Að lokum vil ég taka fram að ég er virkilega auðmjúkur fyrir þessu vandasama verkefni sem ég hef fengið að takast á við. Að sama skapi spennur fyrir því að láta til mín taka.

FIT óskar Elmari velfarnaðar í krefjandi starfi fyrir iðnaðarmenn.



Hilmar Harðarson formaður Samiðnar og Elmar.

Opnunarhátíð



**Félag iðn- og tækni-
greina hefur flutt sig
um set og er nú aðal-
skrifstofa félagsins
að Stórhöfða 31.**

Hús Fagfélaganna var formlega opnað þann 25. nóvember. Húsið er nýtt skrifstofuhúsnæði Félags iðn- og tæknigreina, Rafiðnaðarsambandsins, Matvís, Samiðnar og Byggiðnar.

Eftir nafnasamkeppni varð Hús Fagfélaganna fyrir valinu og áttu þau Þóra G. Thorarensen og Guðmundur Ingvar Kristófersson þá uppástungu og voru þeim veitt verðlaun við opnunina.

Samstarfið er kallað 2F í Húsi Fagfélaganna. Samstarfið byggir á því að bæta enn frekar þjónustu við félagsmenn. Sameiginleg móttaka er í húsinu, formenn félaganna hafa skrifstofur á sama gangi auk þess að sambærileg starfsemi mismunandi sviða félaganna eru á einum stað. Starfsfólk í kjaramálum starfa hlið við hlið, starfsfólk sem sinnir sjúkrasjóði og orlofsmálum starfa saman. Fulltrúar frá VIRK starfsendurhæfingarsjóði þjónusta félagsmenn. Starfsfólk sem sinnir bókhaldsmálum, vinnustaðaeftirlitsfulltrúar og mælingafulltrúar starfa í meiri nánd að ógleymdu sameiginlegu mótuneyti fyrir allt húsið.

Hér á þessari opnu má sjá nokkrar myndir sem voru teknar við opnunina.



Árleg ferð „Heldrimanna“ í Félagi iðn- og tæknigreina var farin föstudaginn 20. september 2019. Nú þegar FIT er flutt að Stórhöfða 31 var ákveðið að safnast saman við Árbæjarsafn og á hefðbundnum stöðum í Reykjanesbæ, Árborg og Akranesi.





Heldrimannaferð FIT 2019

Ekið var sem leið lá í norðurátt undir Hvalfjörðinn og ákveðið að byrja að heimsækja Skipanes. Á Skipanesi tók á móti okkur Stefán G. Ármannsson sem rekur Búvélaverkstæðið Skipanes nú Hróar ehf. Stefán tók mjög vel á móti hópnum og gaf mönnum m.a. að smakka langreykt lambalæri. Sagði hann frá starfseminni og allri þjónustunni sem fyrirtækið veitir. Frá Skipanesi var stefnan tekin á Stykkishólmi. Þar var haldið í hádegismat á Fosshótel Stykkishólmi. Eftir snæðing var haldið í Stykkishólmskirkju þar sem Sr. Gunnar Eiríkur Hauksson sóknarprestur tók á móti okkur og fræddi okkur m.a. um sögu kirkjunnar og einnig fengum við að hlusta á orgelleik. Frá Stykkishólmi var ekið áleiðis til Bjarnarhafnar þar sem Kristján Hildibrandsson tók vel á móti gestum með persónulegri leiðsögn um hákarlasafnið og öllum gefið smakk af hákarlinum. Á safninu var okkur sagt frá sögu, veiðum og verkun hákarlsins. Frá Bjarnarhöfn var farið í Félagsheimilið Lyngbrekku sem er staðsett í Álfthaneshreppi á Mýrum. Kvenfélag Álfthaneshrepps tók á móti okkur með myndarlegu kaffihlaðborði. Það var auð-

vitað „tekið til altaris“ reglulega auk þess sem tveir nikkuleikarar héldu uppi fjörinu og lagið tekið. Heimferðin gekk vel og það voru þreyttir og ánægðir iðnaðarmenn sem komu til síns heima um kvöldið. Þátttakendur voru tæplega 100 manns í tveimur rútum og auk þess voru í ferðinni formaður félagsins Hilmar Harðarson, Rúnar Hreinsson, ljósmyndari og fararstjórar Ólafur Sævar Magnússon og Gunnar Halldór Gunnarsson.

**Þátttakendur voru tæplega
100 manns í tveimur rútum**



Konum fjölgar hratt í bílgreinum:

Fordómar gagnvart konum í bílgreinum á hröðu undanhaldi

Konum sem leggja fyrir sig bílgreinar í Borgarholtsskóla fjölgar jafnt og þétt og virðist það samdóma álit þeirra að fordómar gagnvart konum í þessum greinum séu á hröðu undanhaldi og séu jafnvel hreinlega fyrir búi.



Bílgreinar hafa jafnan verið taldar karlagreinar og ófáum sinnum hefur svipmyndinni af skítuga karlinum í samfestingi, útataður í olíu, hálfur ofan í húddinu, verið dreginn upp sem hin dæmigerða mynd. Það breytist hratt, því konum í þessum greinum fjölga jafnt og þétt í náminu í Borgarholtsskóla. Þær Ingibjörg Eir Sigurðardóttir og Þórunn Anna, stunda báðar nám í bifvélavirkjun og eru sammála því að kyn skipti engu máli þegar kemur að þessum greinum.

„Áhugi minn á bifvélavirkjun kom fyrst fram þegar ég eignaðist minn fyrsta bíl. Faðir minn er rafvirki og hefur gaman af bílum og bílalogfæringum. Hann kom mér inn í þetta með því að kenna mér ýmsar grunnviðgerðir. Mér hefur alltaf fundist skemmtilegt að vinna í bílum og því meira sem ég prófaði með honum, því meira fór ég að gera sjálf. Seinna meir var ég farin alfarið að sjá um að laga mína bíla sjálf og farin að hjálpa vini sem á bílaverkstæði,“ segir Ingibjörg Eir Sigurðardóttir, sem er búin með fjórar annir í bifvélavirkjun.

Þórunn Anna og Ingibjörg Eir Sigurðardóttir, stunda báðar nám í bifvélavirkjun í Borgarholtsskóla.





„Það af hvaða kyni maður er, á ekki að stöðva mann í að gera það sem mann dreymir um,“ segir Þórunn Anna.

„Námið er mjög fjölbreytt því það er svo margt sem hægt er að gera innan hennar, alltaf eitthvað nýtt að læra,“ segir hún og bætir við að námið henti öllum, hægt sé að vinna með náminu, sem sé opið og námsumhverfið gott.

Þórunn Anna tekur í sama streng, þetta sé gamall draumur.

„Þegar ég var lítil langaði mig alltaf að verða bifvélavirki. Eftir að hafa prófað ýmislegt ákvað ég að prófa þetta, þar sem ég var ekki búin að finna mig í neinu öðru. Mér finnst að fólk eigi að læra það sem það vill, hvort sem það er kona eða karl eða skilgreina sig sem eitthvað annað. Það af hvaða kyni maður er, á ekki að stöðva mann í að gera það sem mann dreymir um,“ segir Þórunn Anna.

Mikil aukning hefur verið í fjölda kvenna sem fara í þessar greinar og samkvæmt upplýsingum Borgarholtsskóla eru konur nú helmingur allra sem stunda nám í bílamálunum og aukning er í bifreiðasmíðinni, svo allt horfir til betri vegar.

Þegar talið berst að þessum hefðbundnu bílagreinum, er ekki hægt að halda áfram án þess að spyrja hvort þær hafi orðið varar við fordóma.

„Persónulega finnst mér fólk verða meira hissa þegar ég segist vera að læra bifvélavirkjun. Flestum þykir þetta flott hjá mér og ég verð ekki vör við mikla fordóma, nema frá fáeinum aðilum, þá helst einhverjum af eldri kynslóðinni og gildir einu hvort það séu konur eða karlar. Mér finnst fordómarnir aðallega vera gagnvart konum, ekki endilega konum í bifvélavirkjun, til dæmis þetta klassíska að konur viti ekkert um bíla. Það er nefnilega fullt af strákum líka sem vita ekkert um bíla,“ segir Þórunn Anna.

„Sem kvenmaður í bíliðnaðargreinum þá veit ég að áður fyrr voru einungis strákar að sækjast eftir því að fara í þetta nám, hvort sem það er bifvélavirkjun, bílamálun eða bílabygging. Ég sjálf hef ekki upplifað neina fordóma eða slíkt með því að vera

kvenmaður í þessum geira og mér finnst að nú til dags sé fólk mjög opið og fagni þessari nýju stefnu. Mín skoðun er að nám sé ekki kynbundið og ef áhugi er fyrir hendi hvet ég alla til að fylgja sínu áhugasviði,“ segir Ingibjörg Eir.

Þórunn Anna segir líka skemmtilegra að sjá fleiri stelpur í náminu.

„Við vorum þrjár stelpurnar þegar ég byrjaði í mínum hópi en nú er ég ein eftir. Það eru mun færri stelpur í bifvélavirkjun en bílamálun t.d. og ég sá í viðtali að nokkrar stelpur í bílamálun þorðu ekki í bifvélavirkjun út af fordómum, sem mér þykir sorglegt. Það hefði örugglega verið gaman að vera með fleiri stelpum í hópi, maður er ósjálfrátt smá útundan þegar maður er eina stelpa í hópi af strákum,“ segir Þórunn Anna.

„Mín stefna er að klára námið, vinna sem nemi á góðu verkstæði í þann tíma sem krafist er fyrir sveinspróf og svo beinustu leið í prófið til að ná mér í bifvélavirkjaréttindi. Eftir það hef ég einnig hugsað mér að fara í mastersnám, hver veit nema maður opni sitt eigið verkstæði í lokin eftir góða reynslu á verkstæðum,“ segir Ingibjörg Eir.

Ög Þórunn Anna reiknar líka með framtíðinni í greininni.

„Ég hef verið að vinna á verkstæði Huyndai síðasta hálfa árið og er eina stelpa á verkstæðinu. Ég svo sem alla ævi verið í frekar karllægum störfum, ef svo má segja, og yfirleitt verið eina stelpa. Mér hefur verið vel tekið hvar sem ég fer og finnst ekki skipta máli að ég sé stelpa á þeim stöðum. Mér er tekið eins og hverjum öðrum. Það væri ánægjulegt að sjá fleiri stelpur gera það sem þær langar, hvort sem það er bifvélavirkjun eða eitthvað annað. Maður á ekki að láta einhverja kalla út í bæ stöðva sig. Ég væri að minnsta kosti frekar ósátt ef ég væri núna í einhverju fagi sem mig langaði ekki að vera í, af því að einhver sagði að ég gæti ekki orðið bifvélavirki.“



„Mín skoðun er að nám sé ekki kynbundið og ef áhugi er fyrir hendi hvet ég alla til að fylgja sínu áhugasviði“ segir Ingibjörg Eir.



1. maí 2019

**Kröfugöngur og hátíðahöld voru víða um land á baráttudegi verkamanna þann 1. maí. Hér má sjá svipmyndir frá kröfugöngunni og útifundinum í blíðskaparveðrinu í Reykjavík. Eftir kröfugöngu og útifund var félagsmönnum boðið á opið hús í skrifstofuhúsnæði iðnaðar-
mannafélaganna, Húsi Fagfélaganna, að Stórhöfða 31.**





Afhending sveinsbréfa haust 2019

Sveinsbréf voru afhent á nýsveinaháttíð IÐUNNAR-fræðsluseturs og iðnfélaganna á Hilton Reykjavík Nordica hóteli, fimmtudaginn 19. september.

Að þessu sinni fengu 80 félagar í FIT afhent sveinsbréf í 9 iðngreinum:

- 5 í bifreiðasmíði
- 16 í bifvélavirkjun
- 8 í bílamálun
- 16 í húsamíði
- 5 í málaraíðn
- 10 í múraraíðn
- 10 í pípulögnum
- 7 í blikksmíði
- 3 í vélvirkjun

Afhendingarnar í ár voru glæsilegar að vanda.

Við óskum nýsveinum ársins 2019 til hamingju og velfarnaðar í framtíðinni.





Húsasmíði



Bifvélavirkjun



Blikksmíð



Vélvirkjun



Múraraiðn



Píparar



Málaraiðn



Bífreiddasmíði



Bílamálun



Húsgagnasmíði



Íslandsmót í iðn- og verkgreinum 2019



Íslandsmót iðn- og verkgreina og framhaldsskólakynning undir heitinu Mín framtíð fór fram í Laugardalshöll 14.-16. mars 2019. Í Laugardalshöllinni voru fræðsluaðilar með kynningu á fjölbreyttu námsframboði í framhaldsskólum og jafnframt fór fram keppni á Íslandsmóti iðn- og verkgreina. Keppnin heppnaðist mjög vel og var vel sótt. Um það bil 7000 grunnskólanemar víðsvegar að heimsóttu sýninguna á fimmtudag og föstudag og á laugardaginn var fjölskyldudagur þar sem fólk á öllum aldri kom og skoðaði. Við óskum keppendum innilega til hamingju með árangurinn og hlökkum til að fá þessa flottu tilvonandi fagmenn út í atvinnulífið.

Á myndinni hér að neðan má sjá Lilju Alfreyðsdóttur mennta- og menningarmálaráðherra með skeið og bretti að aðstoða við múrverk.



REIKNUM MEÐ FRAMTÍÐINNI

SÉREIGNARSPARNAÐUR ER KJARABÓT

Séreignarsparnaður er viðbót við lögbundinn lífeyrissparnað og er þín eign. Þú ræður hvernig þú ráðstafar honum eftir að þú nærð 60 ára aldri. Séreignarsparnaður erfist að fullu.

Ef þú leggur fyrir 2-4% af launum í **séreignarsparnað** þá bætir launagreiðandi við 2% af launum til viðbótar, sem er í raun launahækkun sem þú fengir annars ekki.

Séreignarsparnað má einnig nýta skattfrjálst til greiðslu inn á húsnæðislán að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

KYNNTU ÞÉR MÁLIN Á
BIRTA.IS

